

Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

12. febrúar 2025
202502-0004/A.B.
08.08

**Efni: Tillaga - Rammaskipulag aðalskipulag Kópavogs 2040 - Borgarlínan í Kópavogi
fyrsta lota**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar er barst 3. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að rammaskipulagi fyrir aðalskipulag Kópavogs 2040 vegna Borgarlínu fyrstu lotu.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni tillögunnar var nánari útfærsla fyrir Borgarlínuna í Kópavogi. Þar er lögð fram tillaga að legu, staðsetningu stöðva, áherslum á forgang og skipulag göturýmis. Jafnframt eru kynnt þau viðmið sem líta ber til við útfærslu Borgarlínunnar, hvort sem er í deiliskipulagi göturýmis eða hönnun innviða Borgarlínunnar. Rammahlutinn um 1. lotu Borgarlínunnar er ítarlegri stefna um tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 til að tryggja framfylgd meginmarkmiða skipulagsins um Borgarlínuna. Viðfangsefni tillögunnar eru liður í því að stuðla að framfylgd samgöngusáttmála ríkis- og sveitarfélaganna og tryggja framfylgd samgönguáætlunar 2020-2034.

Borgir - Jaðarsvæði

Náttúruverndarstofnun bendir á að í greinargerð kemur fram að rask verður á klettum við Borgarholt en þeir eru utan friðlýsta svæðisins á Borgarholtinu og tilheyra jaðarsvæði þess. Að mati Kópavogsbæjar mun það rask hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins. Borgir, sem er friðlýst náttúrusvæði frá 1981, eru norðan Borgarholtsbrautar. Auk þess segir að samráð þarf við náttúruverndarnefnd Kópavogs vegna framkvæmda sem fylgja Borgarlínunni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Borgir voru friðlýstar sem náttúruvætti árið 1981, sbr. auglýsing nr. 269/1981. Eftir að jökull hropaði í lok ísaldar, fyrir um 10000 árum, var Borgarholtið sker úti fyrir landi. Hafaldan skolaði burt smágrýti en skildi eftir lágbarða grágrýtis hnallunga sem einkenna holtið. Náttúruverndarstofnun bendir á að í 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að friðlýsa megi einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna og kallast þær náttúruvætti. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn

Náttúruverndarstofnun

fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

Samkvæmt 1. gr. friðlýsingarskilmálanna skal varðveita jarðmyndanir og lífríki svæðisins eftir föngum. Hvers konar rask, er breytt getur útliti þess, er óheimilt nema til komi samþykki Náttúruverndarstofnunar. Samkvæmt 6. gr. er skylt að hafa samráð við náttúruverndarnefnd Kópavogs um framkvæmdir á jaðarsvæðinu.

Tilgangur með jaðarsvæði við náttúruvættið Borgir, er t.a.m. að finna í bréfi Náttúruverndarráðs til bæjastjórnar Kópavogs, 9. apríl 1980. Þar segir: „Útsýni af Borgum er gott til flestra átta og gefur það svæðinu aukið gildi“, og: „Borgirnar sjást víða að og blasa við frá fjölfarnasta þjóðvegi landsins til mikilla prýði. Þær mynda stall hinnar fallegu kirkju Kópavogs, og mynda ásamt henni tákn bæjarins, sem tekið hefur verið upp í skjaldamerki hans.“ Kom þar einnig fram að ærin ástæða þyrfti að vera fyrir því að þrengja að Borgum með hábyggðum húsum. „Náttúruverndarráð áréttar það álit að jafnframt því sem Borgirnar verði friðlýstar verði ákveðið jaðarsvæði sem náttúruverndar- og skipulagsaðilar ráðstafa sameiginlega og með það að leiðarljósi, að vel fari saman í miðbæ Kópavogs vandlega skipulögð byggð og sú ósnortna náttúra, sem vernduð er í hjarta hans,“ segir einnig í bréfinu. Á fundi Náttúruverndarnefndar Kópavogs nr. 32 sama ár, var mælt með því að friðlýsa Borgir með því að skilgreina þar kjarna sem ætti að „gjörfriða“ og ekki raska en einnig friða jaðarsvæði „en þó með því skilyrði að taka mætti af því, ef nauðsyn krefði.“ Þá var það rætt að byggingar í næsta nágrenni við Borgirnar mættu ekki valda sjónmengun.

Náttúruverndarstofnun telur að rask á klettum á jaðarsvæði Borga geti haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, rýri verndargildi náttúruvættisins og hafi neikvæð áhrif á ásjúnd svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að skoðaðir verði valkostir í tillögunni sem rýra ekki verndargildi Borga. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að haft verið samráð við Náttúrufræðistofnun og náttúruverndarnefnd Kópavogs varðandi áhrifamat framkvæmdarinnar á Borgir.

Fossvogur

Náttúruverndarstofnun bendir á að Umhverfisstofnun veitti umsögn varðandi matsskyldufyrirspurn vegna landfyllingar og brúar yfir Fossvog til Skipulagsstofnunar dags. 24. janúar 2020.

Helstu niðurstöður voru þær að um er að ræða framkvæmd brúar og landfyllinga, að miklu leyti á þegar byggðu svæði, á höfuðborgarsvæðinu sem ekki er talið líklegt til að valda raski á leirum Fossvogs og því lífríki sem þar þrífst.

Framkvæmdin mun verka sem samgöngubót en mun hafa neikvæð áhrif á starfsemi siglingafélaga og sjósundsfólks þar sem brúin mun hamla siglingum og sundi inn og út úr voginum. Framkvæmdin mun óhjákvæmilega valda staðbundnum neikvæðum áhrifum á svæðum við minni Fossvogs á kafla strandlengjunnar þar sem lögð er landfylling, bæði Kópavogs og Reykjavíkur megin, en þau neikvæðu áhrif verða á litlu landsvæði sem ekki fellur undir sérstaka vernd. Samkvæmt úttekt Vatnaskila er framkvæmdin ekki talin hafa merkjanleg áhrif á vatnaskipti eða tilflutning sets í voginum og því ólíklegt að brúin og landfyllingar muni hafa varanleg neikvæð áhrif á leirurnar og sjávarfitjar innst í Fossvogi sem

Náttúruverndarstofnun

falla undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga. Mikilvægt er að ekki komi til meiri þrengingar inn í veginn að mati Náttúruverndarstofnunar.

Náttúruverndarstofnun telur áhrif fyrirhugaðra framkvæmda í Fossvogi vera eftirfarandi: Áhrif á verndarsvæði leira og sjávarfitja verða óveruleg ef straumur og vatnaskipti í veginum eru tryggð. Sama á við um áhrif framkvæmdar á gróður, strand- sjávarlífríki og fuglalíf. Áhrif á hljóðvist og loftgæði eru neikvæð á framkvæmdartíma sökum truflunar í íbúabyggð en með mótvægisáðgerðum (m.a. rafknúnum almenningssamgöngum) ættu áhrifin að vera óveruleg á rekstartíma.

Áhrif á ásýnd geta talist talsvert neikvæð en staðbundin áhrif á samfélag eru neikvæð með tilliti til siglinga og sjósunds en verulega jákvæð með tilliti til almenningssamgangna og vistvænna samgangna á milli Reykjavíkur og Kópavogsbæjar.

Tengdar framkvæmdir

Í greinargerð kemur fram að borgarlína er grundvöllur þess að sveitarfélögin geti þétt byggð í miðkjörnum og við línuna og vaxið án þess að brjóta nýtt land undir byggð utan skilgreindra vaxtarmarka og skapa mikla umferð. Auk þess kemur fram að mikilvægt er að umgjörð borgarlínunnar og byggt umhverfi stuðli að notkun hennar og er það gert m.a. með þéttingu byggðar á samgöngu- og þróunarásum.

Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess að stemma stigu við útpenslu sveitarfélaganna með því að þétta byggð og nýta m.a. eldri atvinnusvæði til uppbyggingar blandaðrar byggðar og þar með hlífa náttúru, vistgerðum og lífríki.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Borgarlínan er í eðli sínu ekki einungis umferðarskipulag, heldur er línan hluti af heildarskipulagi sveitarfélaganna. Því væri æskilegt að athuga og meta hvort að aðrir þættir verkefnisins munu valda álagi á umhverfi á náttúru. T.d. hvort frekari uppbygging í Vogabyggð og/eða Sævarhöfða muni valda álagi á lífríki svæðisins. Einnig má nefna að áætlað er raska lítilsháttar jaðarsvæði Borga og þá má velta fyrir sér hvort að gert verði ráð fyrir frekari fyrirætlunum um rask á jaðarsvæðinu og jafnvel náttúruvættinu í framtíðinni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið sem Elliðaárvogurinn nær til þar sem gert er ráð fyrir Vogabyggð er viðkvæmt og með hátt verndargildi á margan hátt. Á svæðinu eru leirur sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar er mikilvægt fuglasvæði samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands og er Elliðaárvogur á tillögu að B-hluta framkvæmdaáætlunar náttúruminjasrár.

Önnur þéttingarsvæði eru í Skerjafirði þar sem gert er ráð fyrir landfyllingu og á Kársnesi. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé skoðað vel hvaða umhverfisáhrif uppbygging í miðkjörnum, á þéttingarsvæðum og við línuna innan skilgreindar vaxtamarka hafi á svæði sem hafa hátt náttúruverndargildi eins og friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá og svæði sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Náttúruverndarstofnun

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir

lögfræðingur